

Alþingi

Erindi nr. B 121 / 1128

Komudagur 19 / 3 1997

Reykjavík, 15. mars 1997.

Til Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis.

Lagt er til að 2. gr. frv. til sóttvarnarlaga orðist svo:

Lög þessi fjalla um smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og aðrar alvarlegar næmar sóttir. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma eða smitun sem smitefni, örverur, eiturefni (toxín) þeirra eða snýkjudyf valda.


Þá er lagt til að við bætist í 2. kafla fylgiskjals frumvarpsins í lið **2.6. Aðrir smitsjúkdómar**: Creutzfeldt Jakob sjúkdómur (CJD) og sjúkdómsafbrigði hans (vCJD).

Greinargerð.

Í athugasemd við 3. gr. sóttvarnarfrumvarpsins er þess getið að “Þýðing smitsjúkdóma breytist frá einum tíma til annars, gamlir sjúkdómsvaldar hætta að ógna og nýjar örverur koma fram á sjónarsviðið sem valdið geta hættulegum smitsjúkdómum og farsóttum og því nauðsynlegt að geta brugðist skjótt við. Því er ekki heppilegt að binda í lögum hvaða sjúkdómar skuli vera skráningarskyldir og/eða tilkynningaskyldir”.

Þegar frumvarpið var samið var ekki fyrir séð að skilgreining smitsjúkdóms samkvæmt 2. gr. frumvarpsins gæti verið ófullnægjandi. Talið var að það væru lífverur, þ.m.t. örverur, sem valdi smitsjúkdómum. Nú berast fregnir af því frá Bretlandi og víðar að frá Evrópu að ný tegund smitsjúkdóms kunnist að verða að farsótt meðal manna (sjá hjálögð gögn). Um er að ræða afbrigði af Creutzfeldt Jakob sjúkdómi eða mannariðu. Talið er að orsök sjúkdómsins sé smitefni sem nefnt er príon. Þetta smitefni er hins vegar ekki lífvera í þeim skilningi sem hingað til hefur verið lagður í hugtakið. Lífverur innihalda kjarnasýrur og þær fjölga sér með skiptingu erfðaefnis. Príon eru prótín en innihalda að því er virðist ekki kjarnasýrur. Príonin eru mjög þolin gegn hita og sótthreinsiefnum. Ekki er vitað með hvaða hætti þetta nýja afbrigði mannariðu smitar en getum hefur verið leitt að því að sjúkdómurinn hafi borist í menn með riðumenguðu nautakjöti. Meðgöngutími sjúkdómsins er langur og óttast menn að mörg ár kunnist að líða áður afleiðingar faraldurs verða ljósar. Því hefur Evrópusambandið og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin farið fram á að þjóðir heims fylgist með sjúkdómi þessum með kögunarkerfi (surveillance system). Á fundi norænna sóttvarnarlækna fyrir nokkru var mál þetta rætt og norskir sóttvarnarlæknirinn kynnti tillögur Norðmanna að slíkri kögun (sjá hjálagt “Forslag om oprettelse av Norsk overvåkningssystem for humane, spongiforme encephalopatier (NOHSE)”). Í ljós kom að ný norsk sóttvarnarlög skilgreindu smitsjúkdóm með sama takmarkandi hætti og gert er í íslenska sóttvarnarfrumvarpinu þannig að það var talið orka tvímælis hvort mannariða félli undir sóttvarnarlögin.

Það er því lagt til að í skilgreiningu á smitsjúkdómi í 2. gr. frumvarpsins verði bætt hugtakinu smitefni og sjúkdómnum Creutzfeldt Jakob og sjúkdómsafbrigði hans verði bætt í fylgiskjal frumvarpsins, lið 2.6. *Aðrir smitsjúkdómar*. Tillaga þessi er flutt í samráði við Ólaf Ólafsson, landlækni, Sigurð Guðmundsson, settan aðstoðarlandlækni og Guðríði Þorsteinsdóttur, lögfræðing heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.


Haraldur Briem,
sérfræðingur í smitsjúkdómum.